

## Borgarlína, athugasemd

19.06.2017.

Eftirfarandi athugasemd óskast skráð vegna fyrirhugaðar Borgarlínu um Mosfellsbæ.

Ljóst er að áætluð endastöð hennar í Háholti gagnast Mosfellingum illa. Línan nær of stutt og gagnast of fáum núverandi og væntanlegum lítið. Því verða alltof fáir sem munu nýta sér hana.

Sem dæmi bý ég í Fellsási 9. Samkvæmt strætóappinu er ég 25 mínútur að ganga að Háholtsstöðinni. Líklegt er því að ég myndi keyra í Háholtið. Þá er spurning um bílastæði þar. Eins og er sé ég ekki mikla möguleika þar nema að leggja bílnum inni á einkalóðum eins og hjá KFC og yrði hrifning eigandans örugglega lítil ef fjölmargir gerðu það og létu bíl sinn standa þar langtímum saman.

Lausnin er auðvitað sú að láta Borgarlínuna liggja inn í hið nýja Helgafellshverfi og svo eftir Ásavegi (og stoppa auðvitað þar fyrir ofan mitt hús) enda er samkvæmt skipulagi gert ráð fyrir nýju íbúðarhverfi þar og síðan niður í Leirvogstunguhverfi.

Til þess að Borgarlínan geti staðið undir nafni þarf að tryggja örugg fjöldabílastæði í nágrenni við hana, annað væri mistök.

Ég óska eftir að skipulagsnefnd beiti sér fyrir þessu sem að ofan greinir.

Virðingarfyllt,

Örn Johnson